

Nr. 19-170 S 105 Drangey SK 2***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 2893
IMO 9758222
Smíðaður: Tyrkland 2017, stál
Útgerð: FISK-Seafood ehf
Stærð: 2080,78 bt
Mesta lengd: 62,55 m Skráð lengd: 58,47 m
Breidd: 13,52 m Dýpt: 8,20 m
Vél: YANMAR 1620 kW, 2015
Fjöldi skipverja: 15



Drangey©NN

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 29. apríl 2020 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 16. nóvember 2019 var Drangey SK 2 á togveiðum út af Norðurlandi. Veður: SA 8 m/s.

Vélstjóri var að vinna við slitið keðjudrif á kælisnigli á vinnsluþilfari en þegar hann var að teygja sig eftir verkfæri rak hann sig í hvassa brún á rústfrírri hlíf og skar sig illa á vísifingri vinstri handar. Siglt var með slasaða í land.

Við rannsókn kom fram:

- að til að komast að drifkeðjunni þurfti að losa frá rústfría hlíf (skjólborð) sem var boltuð á frátökufæribandið sem slasaði skar sig á;
- að þegar hlífin var á sínum stað var nær útilokað að slasa sig á henni;
- að slasaði var ekki með vettlinga í þetta sinn en þeir voru mikið notaðir um borð að hans sögn. Taldi hann að þetta hefði ekki gerst ef hann hefði notað þá.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.